



## Hæfisreglur Matvælasjóðs

Þegar um vanhæfi stjórnarmanns eða fagráðsmanns er að ræða getur viðkomandi ekki tekið þátt í umfjöllun um umsóknina. Til viðbótar við vanhæfisástæður sem taldar eru upp í Stjórnsýslulögum nr. 37/1993<sup>1</sup>, valda eftirtalin atriði vanhæfi hjá stjórnarmönnum og fagráðsmönnum:

- Náin vinátta, fjölskyldutengsl eða mægðir fagráðsmanns eða stjórnarmanns við umsækjanda.
- Persónuleg andstaða fagráðsmanns eða stjórnarmanns við umsækjanda.
- Fagleg samkeppni milli fagráðsmanns eða stjórnarmanns og umsækjanda.
- Fagráðsmenn geta hvorki verið verkefnisstjórar á umsókn né meðumsækjendur á umsókn.
- Ef stjórnarmaður er þátttakandi í umsókn þarf hann að segja sig frá umfjöllun um úthlutun viðkomandi styrkars og þarf þá að kalla inn varamann.

Ef viðkomandi stjórnarmaður eða fagráðsmaður er starfsmaður stofnunar eða fyrirtækis og umsókn frá starfsmönnum sömu stofnunar eða fyrirtækis er til umfjöllunar, verður að meta hversu náin tengsl eru við þá starfsmenn og/eða yfirmenn viðkomandi stofnunar. Þessi tengsl þurfa ekki nauðsynlega að leiða til vanhæfis.

Stjórnarmenn og fagráðsmenn eru ábyrgir fyrir því að koma auga á kringumstæður sem skapa þeim vanhæfi við að fjalla um umsóknir.

---

<sup>1</sup> <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1993037.html>